



Foreldrafélag Tjarnarsels

Hvað gerir foreldrafélagið?

Markmið foreldrafélagsins er að efla samstarf leikskólans og foreldra. Félagsgjaldið er 2500 krónur og er það sent í heimabanka allra foreldra á haustin. Heimtur hafa verið misgóðar milli ára, því er mikilvægt að kynna hvað foreldrafélagið er að gera fyrir börnin okkar.

Aðalfundur er haldinn á haustin á sama tíma og kynning á vetrarstarfi leikskólans. Þá höfum við fengið að koma og halda stuttan og hnitmiðaðan aðalfund. Þar höfum við farið yfir hvað foreldrafélagið hefur gert síðastliðinn vetur og ársreikningur lagður fram.

Jólaball: Árlega er haldið jólaball í Heiðarskóla með börnum, foreldrum og systkinum. Undanfarin tvö ár hefur Léttuveit Tónlistarskólans spilað undir og hafa öll börn fengið pakka frá jólasveininum. Foreldrafélagið hefur boðið upp á léttar veitingar og hefur Sigurjónsbakari styrkt okkur með að gefa okkur kleinur undanfarið. Mæting hefur ávallt verið afar góð og á síðasta ári voru 110 börn + foreldrar og systkini þannig má áætla að það hafi verið ca. 230 manns.

Leiksýningar: Foreldrafélagið hefur keypt leiksýningar fyrir leikskólabörnin og hafa sýningar oftast verið settar upp í Myllubakkaskóla eins og t.d. Einar Áskell en núna í ár fóru þau í Frumleikhúsið og sáu, Mér er alveg sama þó allir hlægi að mér.

Páskeggjaleit sem er samstarfsverkefni starfsmanna og foreldrafélagsins. Börnin eru látin mála steina og fara starfsmenn með þá í skrudgarðinn þar sem þeir eru faldir og þau látin leita af steinunum. Allir fá að launum lítið páskegg.

Morgunkaffi: Óvæntur glaðningur fyrir starfsfólk, þar sem við í stjórn höfum bakað fyrir starfsmenn og boðið þeim upp á flottan morgunverð í boði foreldrafélagsins.

Sveitaferð: er farin annaðhvert ár með börnunum, systkinum og foreldrum.

Listasýning er haldin á sumarahátíðinni þar sem verk leikskólabarnanna eru seld á 500 kr. Ágóðinn fer í sjóð foreldrafélgsins. Á sumarahátíðinni færir foreldrafélagið leikskólanum ávallt veglegar gjafir, má þá nefna hlaupahjól, gröfur, fimleikatæki í sal, myndavélar, græjur í sal o.s.frv.

Seldur varningur fyrir börnin: Seldar flíshúfur og peysur á góðu verði. Eitt árið var það Cintamani og núna á síðasta ári var boðið upp á 66 N.

Samstarf foreldrafélaga allra leikskóla í Reykjanesbæer mjög gott. M.a. hafa verið haldnir sameiginlegir fyrirlestrar fyrir foreldra leikskólabarna. Fyrirlestrar sem haldnir hafa verið eru:

1. Blátt áfram, fyrirlestur – öll börn fengu bókin Þetta eru mínir einkastaðir að gjöf
2. Fyrirlestur með Hugo- Uppeldi
3. Hollt matarræði fyrir börn
4. Gylfi Jón: Úlfatíminn

Formenn félaganna hafa hist reglulega og hefur það samstarf virkað mjög vel. Góður vettvangur til að miðla upplýsingum og fá nýjar hugmyndir.

Öllum foreldrum er velkomið að tjá sig, koma með nýjar hugmyndir og leggja okkur lið, endilega hafa samband við okkur.

Í Stjórn Foreldrafélagsins:

Sveinbjörg S. Ólafsdóttir, formaður sveina@hss.is
Jane Petra Gunnarsdóttir, ritari janepetra@hotmail.com
María Óladóttir, gjaldkeri maria.oladottir@heidarskoli.is
Særún Jensdóttir bjarnipall@mmedi.is
Karólína Björg Óskarsdóttir siggi.tv@simnet.is
Fríða Bergmann Hreggviðsdóttir fridabh@simnet.is
Helena Eyjólfsdóttir helenae@simnet.is
Birgitta Vilbergisdóttir: tobirgitta@hotmail.com